

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs, greiði stefnanda, Hannesi Guðmundssyni, kr. 12.560.50 með 11% ársvöxtum frá 17. maí 1960 til greiðsludags og kr. 2.000.00 í málskostnað.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans, að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 12. febrúar 1962.

Nr. 157/1961. **Ákærvaldið**

(Páll S. Pálsson settur saksóknari)

gegn

Hálfðáni Inga Jensen

(Magnús Árnason hdl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Þjófnaður, nytjastuldur á bifreið og brot gegn áfengislögum.

Dómur Hæstaréttar.

Framhaldsrannsókn hefur verið háð í málinu, eftir að því var áfrýjað.

Atferli ákærða er í héraðsdómi fært til réttra refsíákvæða. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin fangelsi 5 mánuðir, og rétt er að svipta hann ökuleyfi bifreiðarstjóra ævilangt.

Ákvæði héraðsdóms um skaðabætur og málskostnað ber að staðfesta.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 3500.00, og laun verjanda hér fyrir dómi, kr. 3500.00.

Dómsorð:

Ákærði, Hálfðán Ingi Jensen, sæti fangelsi 5 mánuði. Hann er sviptur ökuleyfi ævilangt.

Ákvæði héraðsdóms um skaðabætur og málskostnað eiga að vera óröskuð.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til rikissjóðs, kr. 3500.00, og laun verjanda fyrir Hæstarétti, héraðsdómslögmanns Magnúsar Árnasonar, kr. 3500.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur Sakadóms Reykjavíkur 26. apríl 1961.

Ár 1961, miðvikudaginn 26. apríl, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var af Valdimar Stefánssyni yfirsakadómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 3949/1961: Ákærvaldið gegn Hálf-dáni Inga Jensen, sem dómtekið var 4. þ. m.

Mál þetta er með ákæruskjali dómsmálaráðherra, dagsettu 14. september s.l., höfðað á hendur Hálf-dáni Inga Jensen verkamanni, Höfðaborg 10, Reykjavík, fyrir að hafa:

1. Laugardagskvöldið 13. ágúst s.l. stolið veski í veitingasal Hótel Garðs, en í veskinu voru allt að kr. 1200.00, 10 kr. seðill, danskur, og ávísun, að fjárhæð kr. 35.70.

2. Um eða nokkru eftir miðnætti aðfaranótt laugardagsins 27. ágúst s.l. neytt áfengis í bifreiðinni R 9084, er ákærði ók bifreiðinni úr Reykjavík suður í Kópavog, svo og fyrir að hafa síðar þessa sömu nótt í heimildarleysi tekið þessa sömu bifreið, er var við Kársnesbraut 133 í Kópavogi, og ekið henni nokkurn spöl eftir Kársnesbraut verandi undir áhrifum áfengis og án þess að sýna næga aðgæzlu við aksturinn með þeim afleiðingum, að bifreið ákærða rakst utan í bifreiðina Y 228, sem var móts við hús nr. 137 við nefnda götu, og fór síðan út af veginum.

Brot það, sem í nr. 1 að framan greinir, þykir varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, og brot þau, er í nr. 2 eru rakin, teljast varða við 1. mgr. 259. gr. sömu laga, sbr. lög nr. 20/1956, og 1. mgr. 24. gr., sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 58/1954 og 1. og 2., sbr. 4. mgr. 25. gr., 1. mgr. 26. gr., 1. mgr. 37. gr. sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 26/1958.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til sviptingar réttinda samkvæmt 3. mgr. 68. gr. almennra hegningarlaga, til ökuleyfissviptingar samkvæmt 1. mgr. 24. gr. áfengislaga og 81. gr. umferðarlaga, til greiðslu skaðabóta svo og alls sakarkostnaðar.

Ákærði, sem fæddur er 3. nóvember 1932 á Sauðárkróki, hefur sett eftirfarandi refsingum:

- 1950 7/8 Rvík. Sátt, 30 kr. sekt fyrir brot á a-lið 50. gr. lög-reglusamþykktar.
- 1953 23/6 Rvík. Sátt, 400 kr. sekt fyrir brot á 2. og 27. gr. áfengislaga.
- 1954 6/3 Rvík. Dómur: Fangelsi 6 mánuði, skilorðsbundið í 2 ár, sviptur kosningarétti og kjörgengi fyrir brot á 244. og 155. gr. hegningarlaga.
- 1955 1/5 Rvík. Sátt, 150 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 1955 20/12 Rvík. Sátt, 50 kr. sekt fyrir brot á 28. gr. lögreglu-samþykktar.
- 1956 18/4 Rvík. Sátt, 100 kr. sekt fyrir brot á 6. gr. reglu-gerðar fyrir Reykjavíkurflogvöll.
- 1958 21/3 Hf. Kærður fyrir ólöglegt bifreiðarstæði. Fellt niður.
- 1960 21/1 Rvík. Sátt, 150 kr. sekt fyrir umferðarlagabrot.

Málavextir eru þessir:

I. Laugardaginn 13. ágúst s.l., um kl. 21.30, var rannsóknar-lögreglunni tilkynnt, að þá fyrir nokkurri stundu hefði peninga-veski framreiðslustúlku á Hótel Garði hér í bæ horfið af afgreiðsluborði í veitingasal hótelsins, er framreiðslustúlkan hefði vikið sér frá stutta stund. Rannsóknarlögreglan fór þegar að vinna í máli þessu. Kom þá eftirfarandi í ljós:

Framreiðslustúlkan í veitingasalnum, Sigríður Svanlaugsdóttir, Hrisateig 35, hafði brugðið sér út úr salnum í 5 til 10 mínútur um kl. 20.30. Þá var enginn maður í veitingasalnum. Eldhús er inn af veitingasalnum í hótelinu, og er það aðskilið frá salnum með forhengi. Kona var að störfum í eldhúsinu, þegar framreiðslustúlkan vék sér frá. Um þetta leyti heyrði konan í eldhúsinu dump við afgreiðsluborðið í salnum og hélt þá, að framreiðslustúlkan væri þar, og sinnti því ekki frekar. Rétt á eftir var bankað á eldhúsdyr þær, er snúa út í forstofuna utan veit-ingasalsins. Var þar kominn ákærði í máli þessu og bað nú kon-una í eldhúsinu um kvöldverð. Konan færði ákærða súpuðisk inn í veitingasalinn. Rétt þar á eftir kom framreiðslustúlkan og lauk við að afgreiða ákærða. Þegar ákærði bjó sig undir að greiða veitingarnar, varð framreiðslustúlkan þess vör, að veski hennar hafði horfið af afgreiðsluborðinu. Framreiðslustúlkan og konan í eldhúsinu höfðu hvorugar orðið þess varar, að nokkur annar maður en ákærði hefði komið inn í veitingasalinn, frá því að framreiðslustúlkan brá sér frá og þar til veskishvarfið var uppgötvað.

Ákærði, sem leigði herbergi í hótelinu, þegar þetta gerðist,

samþykkti, að leitað væri að veskinu í fórum sínum. Var það gert án árangurs.

Hinn 23. ágúst s.l. mætti ákærði hjá rannsóknarlögreglu út af máli þessu. Þar var ákærði yfirheyrður af tveimur rannsóknarlögreglumönnum. Við fyrri yfirheyrsluna neitaði ákærði eindregið sekt sinni. Við síðari yfirheyrsluna hjá Hauki Bjarnasyni rannsóknarlögreglumanni viðurkenndi ákærði á hinn bóginn töku sína á veskinu. Ákærði skýrði þá svo frá, að þegar hann kom inn í mannlausan veitingasalinn umrætt sinn, hafi hann séð veski liggjandi á gólfinu við afgreiðsluborðið þar. Hann hafi spyrnt veskinu undir borð þar skammt frá án þess að hugsa frekar um það. Er hann hafi síðar um kvöldið frétt það, að veskisins væri saknað, og leitað hafði verið á honum í því sambandi, hafi hann ákveðið að reyna að taka veskið. Síðar um kvöldið hafi hann fengið sér kaffi í veitingasalnum ásamt vinkonu sinni. Hann hafi látið bera kaffið á næsta borð við það, er veskið var undir. Hann hafi síðan náð veskinu, án þess að nokkur sæi til. Peningana hafi hann síðan tekið úr veskinu, samtals rúmlega 1000 krónur, en veskinu sjálfu ásamt ávísun hafi hann síðar brennt.

Hinn 1. nóvember s.l. kom ákærði fyrir dóm. Þar viðurkenndi ákærði að hafa á laun tekið peningaveskið á Hótel Garði 13. ágúst s.l. og slegið eign sinni á innihald þess, liðugar 1000 krónur.

Hinn 9. nóvember s.l. kom ákærði aftur fyrir dóm. Var honum þá kynnt fram kominn bótakrafa vegna tökunnar á veskinu. Bótakrafan er á þessa leið:

1. Bætur fyrir peninga þá, sem í veskinu voru . .	kr. 1200.00
2. Bætur vegna ávísunar, er í veskinu var	— 39.37
3. Bætur fyrir veskið sjálft	— 100.00
4. Bætur vegna dansks 10 kr. seðils, er í veskinu var	— 55.38

eða samtals kr. 1394.75

Ákærði gerði engar athugasemdir við bótakröfuna, er hann taldi sanngjarna.

Samkvæmt játningu ákærða sjálfs og öðru því, sem hér er rakið að framan, þykir sannað, að ákærði hafi gerzt sekur um þá háttsemi, er í ákæruskjali greinir, lið 1, og þannig brotið 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Að vísu hefur ákærði tekið aftur framangreindar játningar sínar við framhaldsrannsóknir í málinu. Þykir það eigi geta breytt niðurstöðu málsins.

II. Laugardaginn 27. ágúst, kl. 04.15, hringdi ákærði á lögreglustöðina í Reykjavík. Kvaðst hann vera staddur á Kársnesbraut 172 og skýrði svo frá, að bifreiðaárekstur hefði átt sér stað þar skammt frá. Lögreglumenn fóru þegar á vettvang. Ummerki á staðnum voru þau, að fólksbifreiðin R 9084 hafði sýnilega ekið á fólksbifreiðina Y 228, er staðið hafði kyrr á vegarbrúninni. Við ákeyrsluna hafði R 9084 kastast út af veginum og stóð þar mannláus. Við athugun á bifreiðinni R 9084 kom í ljós, að tengiþræðir í kveikjúlás höfðu verið rofnir, og því auðvelt að ræsa bifreiðina án lykils. Skömmu eftir að lögreglumenn komu á vettvang, kom ákærði þar að. Var ákærði mjög áberandi ölvaður. Ákærði viðurkenndi að hafa verið í bifreiðinni R 9084, er ákeyrslan varð. Frekari upplýsingar gaf hann þó ekki. Vegna gruns um ölvunarakstur var ákærða tekið blóð til alkóhólákvörðunar kl. 05.30 samdægurs. Fundust þá í blóði hans „reducerandi“ efni, er samsvara 1.63% af alkóhóli.

Fyrir dómi hefur ákærði viðurkennt að hafa neytt áfengis við stjórn bifreiðarinnar R 9084 á leið frá Reykjavík til Kópavogs aðfaranótt 27. ágúst s.l. Þá hefur ákærði viðurkennt að hafa tekið nefnda bifreið í heimildarleysi og undir áhrifum áfengis síðar sömu nótt og þá ekið henni utan í kyrrstæða bifreið við Kársnesbraut og síðan að hafa ekið bifreiðinni út af veginum þá í sömu andrá eða skömmu síðar. Við frekari rannsókn á akstri ákærða í bifreiðinni R 9084 greint sinn kom í ljós, að eigandi nefndrar bifreiðar, Sveinn Sigurjónsson, hafði komið heim til ákærða kvöldið fyrir framangreint ökuóhapp. Eigandinn hafði þá falið ákærða akstur bifreiðar sinnar, þar til á Kársnesbraut í Kópavogi kom. Þar fór ákærði ásamt bifreiðareigandanum Sveini inn í hús nokkurt í kunningjaheimsókn. Ákærði hvarf úr húsi þessu án vitundar nefnds Sveins og hóf að aka bifreiðinni R 9084 án vitundar Sveins, er þegar hafði tekið við kveikjúláslyklum bifreiðar sinnar. Ákærði ræsti bifreiðina í umrætt skipti með því að tengja fram hjá kveikjúlás.

Samkvæmt játningu ákærða, niðurstöðu alkóhólrannsóknar og samkvæmt öðru því, sem rakið er hér að framan í II. þætti, þykir sannað, að ákærði hafi gerzt sekur um þá háttsemi, er í ákæruskjali greinir, lið 2, og með því gerzt brotlegur við 1. mgr. 259. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 1. gr. laga nr. 20/1956, og 1. mgr. 24. gr. sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 58/1954 og 1. og 2. sbr. 4. mgr. 25. gr., 1. mgr. 26. gr., 1. mgr. 37. gr. sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 26/1958.

Refsing ákærða ákveðst samkvæmt framansögðu og með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga fangelsi í 3 mánuði.

Ákærði greiði Sigríði Svanlaugsdóttur, Hrístateig 35, ómótmæltu bótakröfu, samtals kr. 1394.75. Ekki verður ákærða gerð réttindasvipting samkvæmt 3. mgr. 68. gr. almennra hegningarlaga í þessu máli, svo sem þeirri grein hefur verið breytt með 6. gr. laga nr. 31/1961.

Á hinn bóginn ber samkvæmt 1. mgr. 24. gr. áfengislaga og 81. gr. umferðarlaga að svipta ákærða ökuréttindum sínum í 1 ár frá 13. marz s.l. að telja, en þann dag var ákærður sviptur ökuskírteini sínu til bráðabirgða.

Loks ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, hdl. Sveins Snorrasonar, kr. 1500.00.

Dómsorð:

Ákærði, Hálfðán Ingi Jensen, sæti fangelsi í 3 mánuði.

Ákærði greiði Sigríði Svanlaugsdóttur kr. 1394.75.

Ákærði er frá 13. marz s.l. sviptur ökuréttindum í 1 ár.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, hdl. Sveins Snorrasonar, kr. 1500.00.

Dómi þessum skal fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.
